

1079. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 15. ágúst 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar lagði fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt og undirrituð.

2. Mögulegt samstarf við SVP vegna tolla á barnafatnaði

Stefán Einar sagði frá beiðni SVP um samstarf við VR um að fá tolla lækkaða á barnafatnaði en 40% af barnafataverslun er erlendis frá og því nokkurt hagsmunamál fyrir VR félagi bæði hvað varðar atvinnu og svo barnafjölskyldur. Stefán Einar sagðist vilja hjálpa til við þetta verkefni og finna flöt á samstarfi. Óskaði hann eftir umboði stjórnar til að skoða betur, án skuldbindinga.

Umræður.

Samþykkt að Stefán Einar fái umboð til að skoða þetta.

3. Umsögn um nýjar reglur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stefán Einar sagði frá því að stjórn starfsmenntasjóðsins sé að velta fyrir sér grundvallarbreytingum á reglum sjóðsins en VR og LÍV eiga aðild að honum. Óskað er eftir umsögn okkar á tillögum um reglugerðarbreytingar. Réttast sé þá að nefnd okkar um starfsmenntamál komi saman í næstu viku til að semja umsögn um hinar fyrirhuguðu breytingar. Stefán Einar sagðist hafa þá hugmynd einnig að útvíkka störf nefndarinnar með stofnun rýnihóps svo allir þeir úr Trúnaðarráði, sem buðust til að vera í nefndinni, geti átt þess kost að koma að starfinu til að nýta krafta þeirra og áhuga.

Samþykkt að láta nefndina um þessa vinnu.

4. Ný þjónusta við atvinnuleitendur

Helga dreifði skjalinu „*Minnisblað fyrir stjórnarfund VR*“ eftir Söru Lind Guðbergsdóttur deildarstjóra. Fór Helga yfir efni þess og kom fram að verkefnið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga. Í kjölfarið var gert samkomulag milli Velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins um tilraunaverkefni til þriggja ára um þjónustu við atvinnuleitendur og til þess var stofnað félagið STARF ehf sem annast faglega stýringu. Markmiðið er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum í þeim tilgangi að auka líkurnar á því að atvinnuleitendur fái störf. Formlega tók VR við verkefninu þann 1. ágúst s.l. og voru þá 1946 félagsmenn á atvinnuleysissskrá.

VR hafa borist fjöldi erinda frá félagsmönnum þar sem þeir lýsa ánægju sinni yfir því að þetta verkefni sé komið yfir til félagsins og sagði Stefán Einar verkefnið strax hafa sannað sig því hingað komi nú að meðaltali tveir atvinnulausir félagsmenn á hverri klukkustund óboðaðir og áður en farið er í að boða fólk með skipulögðum hætti. Vegna þessa er unnið í því að bæta við starfsmönnum til verksins.

Umræður.

5. Umræða um sölu FSÍ á Plastprenti

Hildur ræddi um það að henni finnst vanta uppá siðferði í söluferlinu á Plastprenti. Setur hún stórt spurningarmerki við þessa sölu og spyr sig hvort við séum að halda áfram með „gamla Ísland“? Stefán Einar sagðist hafa kannað þetta mál. FSÍ keypti stórt eignasafn út úr Landsbankanum og með í þeim kaupum hafi Húsasmiðjan og Plastprent fylgt óhjákvæmilega í pakkanum. Tókst fljótlega að selja Húsasmiðjuna. Plastprent hafi farið í útboð og hafi nokkrir aðilar strax sýnt félaginu áhuga. Tilboð Kvosar var það hagstæðasta í stöðunni auk þess sem það stóðst allar þær kröfur sem settar voru fram í fyrirfram opnu útboðsferli. Kvos staðgreiddi kaupin. Auðvitað sé það skrítið að fyrirtæki sem hafi fengið mikið afskrifað geti keypt annað fyrirtæki skömmu síðar en þá þurfi sömuleiðis að spyrja sig hversu langt þurfi að líða frá afskrift og þar til fyrirtæki megi aftur fara í svona kaup og rekstur? Þetta er umhugsunarvert. Menntu þó sammála um að aðkoma FSÍ að málinu hafi verið eðlileg.

Umræður.

Stefán Einar ætlar að skoða með það að við fáum aðila hingað til lands til að koma fram og ræða siðferðismál í viðskiptum þar sem mætti koma að umfjöllun sem væri á þessum nótum. Þá fengi stjórnin gott tækifæri til að láta í sér heyra og árétta mikilvægi þess að viðskiptalífið fari ekki framúr sér.

6. Styrkbeiðnir

a. Vinnusetur fyrir ungt fólk

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Umsókn til VR*“ dags. 13.06 2012 sem er umsókn um styrk vegna ferðakostnaðar Fjölsmiðjunnar, sem er vinnusetur fyrir ungt fólk, til Danmerkur. Fyrirhugað er að afla fróðleiks hjá Produktionsskole í Danmörku. Ferðakostnaður þeirra er áætlaður rúmar 1.9 milljónir króna.

Hafnað.

Ákveðið að hvetja þá til að kom til fundar við okkur og ræða við sérfræðinga okkar vegna atvinnuleysisúræða.

7. Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir

a. Ólafur Róbert Ólafsson	Vörður tryggingar hf (n)
b. Selma Björk Grétarsdóttir	Air Atlanta (n)
c. Edda Svandís Einarsdóttir	Air Atlanta (n)
d. Hjörtur Hjartarson	S4S ehf (n)
e. Valgerður Shamsudin	S4S ehf (n)
f. Birgir Már Guðmundsson	Sorpa bs. (e)
g. Sigurpála María Birgisdóttir	World Class (e)
h. Björk Bjarkardóttir	Iceland Travel (e)
i. Sylvia Arnfjörð	World Class (e)
j. Jóhanna Birgisdóttir	Sjóvá (e)
k. Ágústa Harðardóttir	Johan Rønning hf. (e)
l. Herborg Árnadóttir Johansen	TVG-Zimsen (e)
m. Jón Magnússon	Hekla (e)

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:12 og ekki fleira gert.

Árni Leósson, fundarritari